

**Ed.**

**348. Nefndarálit**

**[63. mál]**

um frv. til laga um húsaleigu.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er í raun og veru tvíþætt. Mestur hluti þess fjallar almennt um réttarsambandið milli leigusala og leigutaka og á fullan rétt á sér. Ýmislegt er þar til bóta frá því, sem nú gildir að lögum og samkvæmt venju. Um þann hluta frv. var enginn ágreiningur í nefndinni, sem máli skipti. Hins vegar eru í X. og XI. kafla frv. sérstök ákvæði, sem miða að því að takmarka umráð manna yfir húseignum sínum, og þeir miðaðir við, að neyðarástand ríki í húsnæðismálum. Jafnframt er því slegið föstu með ákvæðum 2. mgr. 1. gr. frv. án nægilegra raka, að svo sé ástatt um Reykjavík, Hafnarfjörð og Akureyri.

Ef neyðarráðstafanir þarf að gera á einhverjum stöðum í húsnæðismálum, finnst mér sjálfsagt, að þær séu ákveðnar með sérstökum lögum, sem miðast þá við það ástand, sem ríkir, og þarfir þeirra staða, sem þær eiga að bæta úr.

Meðnefndarmenn mínir hafa ekki fengið til að leggja til, að X. og XI. kafla frv., sbr. 1. gr., verði felldir niður. Þetta tel ég svo mikinn galla á frv., að ég legg til, að það verði fellt.

Alþingi, 26. nóv. 1952.

Lárus Jóhannesson,  
fundaskr.